

Kirkjuþing 2022-2023
55. og 56. mál – þskj. 91

Mál 55 og 56 voru sameinuð.

Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um stjórnarsýslulegar ákvarðanir biskups Íslands (55. mál) og við tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa, nr. 9/2021-2022 með síðari breytingu (56. mál).

Frá Bryndísi Möllu Elíadóttur og Óskari Magnússyni
Frsm. Bryndís Malla Elíadóttir

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir eftirfarandi þingsályktunartillögu:

Sem hirðir hirðanna fer frú Agnes M. Sigurðardóttir með biskupsþjónustu í þjóðkirkjunni þar til nýr biskup hefur verið vígður. Í því felst að hún hafi fram að þeim tíma tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu hennar í landinu ásamt því að gæta einingar kirkjunnar sbr. 10. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021. Kirkjuþing lýsir yfir fullum stuðningi við biskup til allra þeirra mikilvægu verka. Til að stjórnarsýslustörf kirkjunnar séu hafin yfir allan vafa ályktar kirkjuþing að vígslubiskupar fari með allar stjórnarsýslulegar ákvarðanir biskupsembættisins sem lögfylgjur kunna að hafa, þar til nýr biskup hefur tekið við embætti.